

## Heilbrigðiskerfið 9. des. 2016

Íslands Kári er hamhleypur. Fyrir nokkrum mánuðum síðan taldi hann íslenska þjóð - hvorki meira né minna en nútíu þúsund fullveðja Íslendinga - á að undirrita viljayfirlýsingu þess efnis, að ellefu af hundraði þjóðartekna skyldu renna til heilbrigðismála. Undarleg fjármálahugsun! Það fylgir ekki sögunni, hvernig þeim fjármunum skuli varið og hver áhrif sveiflur í þjóðartekjum á heilbrigðiskerfið hefðu. Og nú segir hann BB til syndanna. Segir hann sýna þjóðinni fingur. Hann syngur einsönginn og kveinstafakórinn á Landsspítalanum syngur bakraddir. Hvergi í þessari dæmalausum umræðu - eða áróðri öllu heldur - er minnst á þá skýru tilhneigingu, að eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu er botnlaus. Sjaldan er minnst á ofrannsóknir, oflækningar, ofneyslu lyfja, tilviljunarkenndar (lyf)lækningar, eiginhagsmuni heilbrigðisstétta, niðurgreiðslu heilbrigðisþjónustu, eiginlega einokun ríkisins á heilbrigðisþjónustu og ábyrgð landsmanna á eigin heilsu. Fyrirkomulag heilbrigðisþjónustu skrafa menn lítt um. Lausn þeirra forkólfa, sem gapa og geypa um málefnið, snýst mest um auknar fjárveitingar og fleiri rándýrar byggingar, helst í miðborg Rvk. Á meðan bryður þjóðin meira af lyfjum - ekki síst geðlyfjum - en nokkurn tíma áður. Í því efni slær hún öll met, rétt eins og í hamingjunni sjálfri. Er ekki tími til kominn að hugsa öðruvísi?